



**Kveðja
frá
forseta Íslands
Ólafi Ragnari Grímssyni**

Unglingalandsmót UMFÍ er sannkölluð gleðihátíð, kærkominn vettvangur fyrir samveru góðra vina sem skemmta sér í snarpri keppni en um leið tækifæri fyrir fjölskylduna til að eiga saman dýrðardaga.

Við Dorrit eigum góðar minningar frá heimsókn okkar á landsmótið á Ísafirði. Hlaupin, stökkin, knattspyrnan, glíman og aðrar keppnisgreinar voru spennandi skemmtun og gaman var að sjá að gleðin ríkti í hugum allra. Í raun urðu landsmótsgestir að glaðværri stórfjölskyldu sem kættist ekki aðeins á keppnisvöllum heldur líka í tjaldbúðum og á kvöldskemmtunum.

Landsmótið í Vík verður á sama hátt gleðitími og mun lengi lifa í hugum þátttakenda. Einstæð náttúran myndar tignarlega umgjörð og Skaftfellingar kunna vel að taka á móti góðum gestum.

UMFÍ á heiður skilinn og einnig þökk fyrir að leggja metnað og alúð í unglíngamótin og skapa þannig fjölmönnum vinahópum og fjölskyldum þeirra tækifæri til að fagna á heilbrigðan hátt.

Ég sendi bestu kveðjur til ykkar allra og vona að sem flestir taki virkan þátt í dagskrá mótsins. Þar finnur hver og einn eitthvað við sitt hæfi og allir geta verið þátttakendur.